

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Stórutjarnir í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 5. ágúst 2004 samþykkt deiliskipulag Melgötu við Stórutjarnir. Skipulagssvæðið er um 2,5 ha að stærð, umhverfis og við núverandi íbúðarbyggð við Stórutjarnaskóla. Þegar hafa verið byggð fjögur íbúðarhús og slökkvistöð innan skipulagssvæðisins. Í tillögunni er gert ráð fyrir fjórum nýjum lóðum undir íbúðarhús auk nýrrar lóðar undir atvinnustarfsemi. Engar athugasemdir bárust við skipulagstillöguna á kynningartíma.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þingeyjarsveit, 16. mars 2005.*

**Jóhann Guðni Reynisson**, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.